



Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi, 400 Ísafirði
Sími: 450 4400
mi@misa.is

Bréfasími: 450 4419
www.misa.is



NÁMSSTYRKUR Í BOÐI

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrkveitingu úr minningarsjóði hjónanna Elínar Þorláksdóttur og Benedikts Bjarnasonar frá Meiri-Bakka í Skálavík ytri, sem tilheyrði Hólshreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.

Í ráði er að úthluta nú í vetur, væntanlega til allt að fjögurra umsækjenda, styrk að upphæð kr. 75.000.

Til greina koma þeir nemendur við Menntaskólann á Ísafirði, sem búsettir eru á því svæði sem til skamms tíma tilheyrði N.-Ísafjarðarsýslu. Samkvæmt skipulagsskrá minningarsjóðsins skulu nemendur úr hinum forna Hólshreppi, nú Bolungarvíkurkaupstað, að öðru jöfnu njóta forgangs við styrkúthlutun, og skal sérstaklega höfð hliðsjón af atfylgi í námi og fjárhagslegri þörf umsækjanda.

Skriflegum umsóknum um styrkveitingu vegna skólaársins 2012 – 2013 skal skila til skrifstofu skólans eða skólameistara eigi síðar en föstudaginn 30. nóvember 2012. Fyllsta trúnaðar er heitið og nöfn styrkþega verða ekki birt.

Stjórn Minningarsjóðs
Elínar Þorláksdóttur og Benedikts Bjarnasonar.